**Þróunarsjóður innflytjendamála 2018-19**
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis: Vinatengsl í fjölmenningarsamfélagi og vellíðan unglinga**
**Nafn styrkþega:** Eyrún María Rúnarsdóttir
**Útdráttur:** Félagsleg tengsl barna og unglinga af erlendum uppruna hafa lítið verið í brennidepli í íslenskum rannsóknum og er lítið vitað um ávinning tengsla fyrir líðan þeirra. Þær rannsóknir sem eru fyrir hendi benda til þess að ungum innflytjendum gangi illa að tengjast íslenskum vinum, þeir lendi frekar í eineltisaðstæðum og upplifi bekkjarsamfélagið með neikvæðari hætti en íslenskir félagar þeirra. Fundist hefur síðri líðan og lífsánægja í þessum hópi. Verkefnið felst í rannsókn og var ætlað að bæta úr skorti á rannsóknum á vinatengslum, stuðningi vina, líðan, lífsánægju og upplifaðri mismunun unglinga af erlendum uppruna á Íslandi. Gögnum var safnað á vormisseri 2018 í níu grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Alls svöruðu 806 unglingar í 8., 9. og 10. bekk nafnlausum, rafrænum spurningalista sem lagður var fyrir í kennslustund og var svarhlutfall 82%. Niðurstöður benda til þess að unglingar af erlendum uppruna eigi fleiri vini sem einnig hafa erlendan bakgrunn en íslenskir unglingar gera og mun fleiri íslenskir unglingar segjast eiga marga íslenska vini en þeir sem hafa erlendan bakgrunn. Vinskapur sem fer eingöngu fram á netinu er algengastur meðal þátttakenda sem eiga uppruna í öðru landi. Unglingar af erlendum uppruna njóta ekki eins mikils félagslegs stuðnings frá íslenskum vinum sínum sé miðað við upplifun íslenskra unglinga af íslenskum vinum. Þá er lífsánægja þeirra minni og þeir upplifa mismunun oftar. Af niðurstöðum má ráða að huga þurfi betur að tengslum ungmenna af erlendum uppruna við íslenska félaga. Auka þarf skilning á stöðu þessa hóps og skapa íslenskum unglingum fleiri tækifæri til að stofna til merkingarbærra tengsla við erlend ungmenni. Tíðni mismununar sem hópurinn upplifir bendir einnig til þess að í íslensku samfélagi megi gera betur í að bjóða erlend ungmenni velkomin með nærgætni, tillitssemi og virðingu að leiðarljósi.

**Project Title: Friendships in a multicultural society and adolescent well-being**
**Name of Grantee:** Eyrún María Rúnarsdóttir
**Abstract**: Research on social relations, social interactions and their benefits in the well-being of foreign-origin children and adolescents are scarce in Iceland. Previous studies indicate that foreign-origin youth find it hard to establish friendship ties with Icelandic youth, they are more likely to become a part of bullying episodes and perceive their classmates more negatively than their Icelandic peers. Lower levels of life-satisfaction and greater distress has been found in groups of foreign-origin youth. The project is a research focusing on friendships, perceived friend social support, distress, life-satisfaction and perceived discrimination among foreign-origin adolescents in Iceland. Data was collected from February to May 2018 by administering an online, anonymous questionnaire in classrooms of adolescents aged 13/14-15/16 years (8 th , 9 th and 10 th graders). Nine primary schools participated in the study and total number of participants was 806 (response ratio of 82%). Results indicate that foreign-origin adolescents are more likely to have foreign-origin friends than Icelandic adolescents are, and Icelandic adolescents are more likely to have Icelandic-origin friends. Online friendships are more frequent among foreign-origin adolescents. Higher score of perceived social support from Icelandic friends were found in the Icelandic group while foreign-origin adolescents did not enjoy as much support from their Icelandic friends. Their life-satisfaction scores were also lower and perceived frequency of discrimination higher. The findings indicate that actions are needed to strengthen social ties between foreign-origin and Icelandic adolescents. This could be done by increasing knowledge and understanding and creating more opportunities for Icelandic adolescents to establish meaningful relations with foreign-origin adolescents. Higher frequency of perceived discrimination suggests that more can be done to welcome foreign-origin youth in Icelandic society with empathy, care, and respect as guiding lights.